

Fundur haldinn í skipulags- og bygginganefnd Reykhólahrepps

mánudaginn 9. júní 2008 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Karl Kristjánsson, Bogi Kristinsson, Egill Sigurgeirsson, Guðmundur Ólafsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Dagskrá:

1. Umsókn dags. 22.04.2008 frá Aðalsteini Valdimarssyni fyrir hönd Bátasafns Breiðafjarðar á Reykhólum um leyfi til að byggja 7.032,015 m³ hús undir bátasafn. Samþykkt. Athugasemd er gerð við einangrun þaks og brunamerkingar á hurðaropum á milli brunahólfa.

Önnur mál.

1. Liður nr. 1 undir önnur mál á fundi nefndarinnar 13. maí s.l. varðandi byggingu bílskúrs við Hellisbraut 8a á Reykhólum. Samþykkt að veita byggingaleyfið. Skilyrði að mænisás sé hornréttur á íbúðarhús.
2. Umsókn dags. 7.febr. 2008 frá Sveini Borgari Jóhannessyni um byggingaleyfi fyrir sumarhúsi á Hyrningsstöðum, lóð nr. 9. Samþykkt með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar.
3. Umsókn dags. 8. júní 2008 frá Sveini Ragnarssyni Svarfhóli með ósk um að breyta notkun sumarhúss (fastanúmer: 212-2671, 02) í íbúðarhús. Samþykkt.
4. Endanlegur uppdráttur af landskiptagerð fyrir land úr landi Reykhólajarðarinnar skv. hjál. loftmynd með hnitsetningum dags. 2. maí 2008. Samþykktur.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:55.

Sveinn Ragnarsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Bogi Kristinsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)